

---

## Stokksnesvegur, Almannaskarð-Leirtjörn, Sveitarfélaginu Hornafirði Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 Inngangur

Þann 1. apríl 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Vegagerðinni um Stokksnesveg í Sveitarfélaginu Hornafirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna. Fyrirhuguð framkvæmd er neðan stærðarmarká í tölulíð 10.08 en þar sem hún er á svæði sem nýtur verndar í skilningi 2. viðauka við lögin þarf að taka ákvörðun um matsskyldu.

HMS leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, RARIK og Umhverfis- og orkustofnunar.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Stokksnesvegur (9729-01) í Sveitarfélaginu Hornafirði. Almannaskarð-Leirtjörn. Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskýrslu. Vegagerðin. Mars 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 7. maí 2026
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands, dags. 28. maí 2026
- Landhelgisgæslu Íslands, dags. 12. maí 2026
- Landsneti, dags. 12. maí 2026
- Minjastofnun Íslands, dags. 19. maí 2026
- Náttúrufræðistofnun, dags. 15. maí 2026
- Náttúruverndarstofnun, dags. 13. maí 2026
- RARIK, dags. 18. maí 2026

Ekki barst umsögn frá Umhverfis- og orkustofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni 28. maí 2026.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Núverandi Stokksnesvegur (9720) er tæplega 4,5 km langur og liggur frá Hringvegi skammt sunnan Almannaskarðsganga til suðausturs áleiðis að Stokksnesi. Samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar flokkast vegurinn sem tengivegur af vegtegund D sem eru vegir með einni akrein og útskotum. Búið er

að endurbyggja veginn með bundnu slitlagi á tæplega 600 m kafla næst Hringvegi. Einnig er búið að endurbyggja veginn með bundnu slitlagi á um 180 m kafla frá Leirtjörn að Horni þar sem vegurinn endar. Annars staðar er hann 5-7 m breiður malarvegur. Vegna mikillar aukningar á umferð ferðamanna út á Stokksnes og að Horni, annar núverandi vegur illa þeirri umferð sem um hann fer.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í endurbyggingu á 3,68 km löngum kafla á Stokksnesvegi milli stöðva 560-4240. Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi en núverandi vegur er burðarlítill malarvegur með slæma legu og takmarkað umferðaröryggi. Endurbyggður vegur verður að mestu í núverandi vegstæði nema á um 120 m kafla þar sem hann hliðrast um tvöfalda vegbreidd til norðausturs út fyrir núverandi veg vegna lagfæringar á plan- og hæðarlegu. Stokksnesvegur er tengivegur og veghelgunarsvæði hans er 30 m breitt og nær 15 m út frá miðlínu til hvorrar handar. Engar brýr eru á veginum en 16 ræsi eru á framkvæmdakaflanum. Gert er ráð fyrir að athafnasvæði fyrir verktaka á verktíma verði á röskuðu svæði utan veghelgunarsvæðis, sem hefur áður verið nýtt þannig. Endanleg staðsetning verður valin í samráði við landeigendur. Vegagerðin áætlað að vegurinn verði endurbyggður síðari hluta árs 2026.



Mynd 1. Framkvæmdasvæðið er græna veglínan innan svarta rammans (mynd úr greinargerð Vegagerðarinnar.

**Efnistaka.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að áætluð efnispörf við endurbyggingu vegarins sé um 37 þúsund m<sup>3</sup> og reiknað sé með að um 19 þúsund m<sup>3</sup> fáiast úr skeringum en einnig verði efni tekið úr námu í Guluskriðu í landi Horns 1 (E21 á skipulagi) og einnig sé áætluð efnistaka og efnisvinnsla í Slufrudal (E18 á skipulagi) í landi Efri-Fjarðar. Til vara kann náma í Almannaskarði (E27 á skipulagi) að vera nýtt til verksins.

### Samfélagslegir innviðir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að vatnslögn liggja undir vegi í stöð 2780 og dæluhús vegna vatnsveitu sé staðsett rétt ofan við núverandi veg í stöð 2770 og þar er gert ráð fyrir að færa veginn aðeins neðar. Á sama svæði séu tveir skúrar neðan vegar sem einnig eru mjög nálægt núverandi vegi og þá gæti þurft að fjarlægja. Rafstrengur frá RARIK og ljósleiðari frá Mílu liggja í eða við núverandi

vegsvæði á öllu framkvæmdasvæðinu. Þá þurfi að færa áður en framkvæmdir hefjast og verður unnið að því í samráði við viðkomandi veitufyrirtæki.

Landsnet bendir í umsögn sinni á að Hólalína 1 liggir innan framkvæmdasvæðis endurbyggingar Stokksnesvegjar, nærri stöð 600. Um sé að ræða 132 kV loftlínu á vegum Landsnets og meðfram henni sé helgunarsvæði. Línunnar sé ekki getið í kafla 2 um staðhætti á framkvæmdasvæði í kynningaraskýrslunni. Í kafla 1.8 um leyfisveitendur kemur þó fram að þar sem framkvæmd skarist við helgunarsvæði háspennulínu þurfi náíð samráð við eiganda hennar um útfærslur en Landsnet er ekki talin meðal samráðsaðila. Í kafla 3.4 um vinnubúðir kemur fram að áætlað sé að vinnubúðir og athafnasvæði verktaka verði á svæði við stöð 600 og að endanleg staðsetning verði valin í samráði við landeiganda. Landsnet leggur áherslu á að samráð verði einnig haft við fyrirtækið um val á staðsetningu nærri ofangreindri háspennulínu.

Í svörum Vegagerðarinnar er ítrekað að samráð verði haft við eigendur hennar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og staðsetningu á athafnasvæði fyrir verktaka. Jafnframt muni Vegagerðin afla nauðsynlegra leyfa vegna framkvæmda innan helgunarsvæða háspennulínunnar og vegna háfermisflutinga verði um þá að ræða.

Landhelgisgæslan bendir á að nærri veginum sé vatnsból og þar skilgreint öryggissvæði. Mikilvægt sé að sem minnstar truflanir verði á rekstri tilgreindra veitna vegna framkvæmdanna. RARIK minnir í umsögn sinni á að nauðsynlegt sé að hafa tímanlega þurfi að hafa samband við fyrirtækið svo unnt sé að undirbúa færslu strengja.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að vegurinn verði færður fjær öryggissvæðinu en engu að síður muni veghelgunarsvæðið ná lítillaga inn fyrir öryggisgirðingu eftir færslu vegarins. Öryggissvæðið verði birt á útboðsteikningum og þess gætt að framkvæmdirnar verði alfarið utan þess og raski því á engan hátt. Kunnugt sé um lagnir á svæðinu og verði haft samstarf við landeigendur þegar kemur að flutningi þeirra.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á verndarsvæði

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði liggir um tvö svæði á náttúruminjasrá, fjallendið utan Skarðsdals og Skarðsfjörð. Jafnframt liggir það að tveimur alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum sem skarast við þessi svæði, þ.e. sjófuglabbyggð í Vesturhorni og Fjarðarfjalli ofan við Stokksnesveg og fjörur og grunnsævi í Skarðsfirði. Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á svæðið í fjallendinu utan Skarðsdals þar sem um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar, né að hún hafi áhrif á sjófuglabbyggðina í Vesturhorni og Fjarðarfjalli þar sem hún er utan framkvæmdasvæðisins og uppi í fjallinu, langt ofan vegarins. Skarðsfjörður, sem er á B-hluta náttúruminjasrár m.a. vegna lífauðugra leira og grunnsævis með miklu fuglalífi er einnig skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, einkum á fartíma fugla. Núverandi vegsvæði liggir nærri fjöruborðinu við Skarðsfjörð á stuttum kafla sunnan við Klifatanga en þar á að rétta úr kröppum beygjum og færa veglínuna fjær strandlínunni. Leitast verði við að halda raski í lágmarki við strandlínuna og jafnframt að framkvæmdatími verði utan fartíma helstu farfugla. Fyrirhuguð framkvæmd geti þó haft tímabundin áhrif á fugla á meðan á framkvæmdum stendur en gert sé ráð fyrir að áhrifin verði óveruleg, því um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar liggir fyrirhugað framkvæmdasvæði meðfram votlendissvæðum á tveimur köflum, sem njóti verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Votlendissvæðin séu bæði neðan núverandi vegar. Nyrðra svæðið er milli stöðva 920-1800 og nær skilgreint verndarsvæði upp að vegi á nokkrum stöðum en landið hallar talsvert niður frá veginum og því ekki talið að framkvæmdir hafi

frekari áhrif á votlendið á umræddu svæði. Syðra votlendissvæðið er milli stöðva 3760-4080 og þar verði framkvæmdir allar innan veghelgunarsvæðis vegarins og ystu mörk framkvæmdasvæðis í um 5-15 m fjarlægð frá skilgreindu verndarsvæði. Ekki er talið að endurbygging Stokksnesvegjar raski frekar votlendi, utan þess svæðis sem áður hefur verið raskað við vegagerð, aðrar framkvæmdir eða nýtingu á svæðinu. Ræsi í vegi verða endurnýjuð eftir þörfum til að tryggja að framkvæmdir við vegi hindri ekki flæði vatns á svæðinu.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrirhuguð framkvæmd muni hvorki rýra gildi svæðanna Skarðsfjarðar (nr. 629) né fjalllendisins utan Skarðsdals (nr. 653). Stofnunin leggur þó áherslu á að vandað sé til verka varðandi efnisvinnslu þar sem jarðminjar skulu varðveittar eftir fremsta megni, en jákvætt er að nýta skuli námur sem nú þegar eru til staðar. Með hliðsjón af návígi við mikilvæg fuglaverndarsvæði sé æskilegt að halda framkvæmdum utan við varptíma eftir því sem frekast er kostur. Þá þurfi að huga að mengunarvörnum þegar unnið sé nærri votlendi á svæðinu.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að hugað verði sérstaklega vel að mengunarvörnum í nágrenni við leirusvæði Skarðsfjarðar og stefnt sé að því að framkvæmdir verði utan bæði fartíma fugla og varptíma þeirra.

### **Áhrif á fornleifar**

Í niðurstöðukafla fornleifaskráningar sem fylgdi gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að við skráninguna hafi alls verið skráðar 10 minjar. Þrjár þeirra voru skráðar eftir heimildum en engin ummerki sáust um þær á vettvangi. Allar skráðar minjar eru í nokkurri fjarlægð frá fyrirhuguðu vegstæði, fyrir utan að heimild er um minjar við Selklett [3556-007] en þar fundust engin ummerki um minjar. Er því ekki talin þörf á mótvægisáðgerðum vegna framkvæmdanna.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að heimild um sel (3556-007) sé skráð nærri fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði sem muni ná rétt inn fyrir friðhelgunarsvæði hennar. Ekki sást til minja á vettvangi og sé minjastaðurinn því ekki staðsettur nákvæmlega. Mikilvægt sé að fara með aðgát við framkvæmdir á þessu svæði og hafa í huga að ef fornminjar koma í ljós við framkvæmdir að þær séu stöðvaðar án tafar og stofnuninni gert viðvart. Norðaustan við veginn eru skráðar fornleifar: tóft (3556-003), garðlag (3556-004), tóft (3556-005) og garðlag (3556-006) auk götu (3556-010). Framkvæmdir ná ekki inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra. Lagt er til að merkja þessa staði með áberandi hætti meðan á framkvæmdum stendur svo minjarnar verði ekki fyrir raski af vangá.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að þeir minjastaðir sem Minjastofnun bendir á verði merktir í samræmi við ábendingar þar um.

### **Áhrif á vatnshlot og vatnsból**

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði tilheyrir að langmestu leyti grunnvatnshlotinu Austfirðir (10 2 -2 92 -G) en liggja einnig að vatnshlotinu Skarðsfirði (103 -56 -T). Vatnshlotin hafa ekki verið ástandsmetin en staðbundið álag á vatnshlotið Austfirðir hefur verið skráð við Sorpstöð Hafnar á mel í landi Fjarðar. Það sé mat Vegagerðarinnar að framkvæmdin hafi ekki áhrif á vatnshlot á svæðinu en reynt verði að draga úr áhrifum vegar á grunnvatnsstöðu og yfirborðsrennsli með því að endurnýja ræsi í veginum og forðast að grafa nýja skurði.

### **Áhrif á umferðaröryggi**

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að umferð um svæðið muni verða fyrir truflunum á meðan á framkvæmdum stendur. Þá gætu efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð. Jákvæð áhrif að loknum framkvæmdum séu töluverð. Þau felist í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar lagður hefur verið öruggari og betri vegur með klæðningu, í stað núverandi malarvegjar.

Landhelgisgæslan bendir á og varar við grjóti sem getur fallið á veginn eftir mestallri veglínunni.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að kunnugt sé um hættu á grjóthruni þar sem vegurinn liggja um skriður. Ekki sé möguleiki á að færa veglínuna en hættan verði lágörkuð með því að vegrásin verði mótuð með hrunhættu í huga þar sem hættan er mest.

## 5 Skipulag og leyfi

Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Stokksnesvegur samræmist gildandi aðalskipulagi.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Þá eru efnistaka og verktakaaðstaða háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig eru starfsmannabúðir háðar leyfi Heilbrigðiseftirlitsins samkvæmt reglugerð um hollustuhætti. Þá er brýnt að Vegagerðin setji sig í samband við eigendur rafmagns- og fjarskiptastrengja þegar framkvæmdir eru undirbúnar.

HMS vekur athygli á því að áður en kemur að leyfisveitingu þarf að fara fram mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Það mat þarf að leggja fram þegar sótt er um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða endurbyggingu á 3,68 km löngum kafla á Stokksnesvegi milli stöðva 560-4240 í sveitarfélaginu Hornafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingar náttúruauðlinda og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er umfangslítill enda um að ræða endurgerð á vegarkafli sem að langmestu leyti verður áfram í sama vegstæði og núverandi vegur. Þær tilfærslur sem verða á veglínunni eru innan núverandi veghelgunarsvæðis. Mesta tilfærsla vegarins er hliðrun um tvöfalda vegbreidd vegna lagfæringar á plan- og hæðarlegu veglínunnar. Rúmlega helmings efnis verður aflað með skeringum en það sem á vantar, um 18.000 m<sup>3</sup>, mun fást úr tveimur opnum námum. Framkvæmdin er á og við svæði sem njóta margvíslegrar verndar og er það ástæða þess að kanna þarf matsskyldu hennar samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Á svæðinu er stórbrotið landslag og þar eru ýmsar merkilegar jarðmyndanir, einnig er framkvæmdin á jaðri mikilvægs fuglasvæðis og umfangsmikils votlendis. HMS tekur undir með því sem kemur fram í umsögn Náttúruverndarstofnunar að framkvæmdirnar muni hvorki rýra gildi svæðanna Skarðsfjarðar (nr. 629) né fjalllendisins utan Skarðsdals (nr. 653) sem bæði eru á Náttúruinjasrá. Jafnframt er tekið undir ábendingar um að þar sem unnið verði í nálægð við mikilvæg fuglaverndarsvæði sé æskilegt að halda framkvæmdum utan við varptíma eftir því sem frekast er kostur. Þá þurfi að huga að mengunarvörnum þegar unnið sé nærri votlendi á svæðinu. Á framkvæmdasvæðinu eru 16 ræsi sem gert er ráð fyrir að verði endurnýjuð eða stækkuð eftir þörfum.

Auk þess eru votlendissvæðin sem njóta verndar alfarið neðan veglínu en hvoru tveggja er líklegt til að draga úr annars neikvæðum áhrifum framkvæmdanna á votlendi. HMS telur með hliðsjón af framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum sem bárust að neikvæðustu áhrifin séu rask og ónæði á framkvæmdatíma. Það sé því brýnt að boðað samráð vegna innviða á svæðinu sem og tímasetning framkvæmda með hliðsjón af fuglalífi gangi eftir.

HMS vekur athygli á því að náma í Almannaskarði (E27 á aðalskipulagi) var tilkynnt til Skipulagsstofnunar árið 2022. Stofnunin tók ákvörðun þann 11. nóvember 2022 um að framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum. Þar sem það umhverfismat hefur ekki farið fram telur HMS að ekki sé unnt að nýta hana við framkvæmdirnar en í greinargerð er hún tilgreind sem kostur til vara.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. júlí 2026.

Reykjavík, 2. júní 2026

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

\* Rafraen skilríki

**HMS**

Húsnæði  
Mannvirki  
Skipulag



Jakob Gunnarsson  
Sérfræðingur, umhverfismat  
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**

\* Rafraen skilríki

**HMS**

Húsnæði  
Mannvirki  
Skipulag



Sigurður Asbjörnsson  
Sérfræðingur, umhverfismat  
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með **OneSign**